

8. gr.

Reglugerð þessi er samin skv. 3. gr. laga nr. 82 frá 31. desember 1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20 frá 21. maí 1979 um breyting á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 140 frá 21. mars 1978.

Fjármálaráðuneytið, 4. febrúar 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

8. febrúar 1980.

Nr. 158.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um álagningu gatnagerðargjalda
við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 486 11. nóvember 1975.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir Byggðasjóðs á hverjum tíma en falli niður af síðustu afborgun ef fullnaðarfrágangi götu er ekki lokið á gjalddaga.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

13. febrúar 1980.

Nr. 159.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 402
25. sept. 1979, með síðari breytingum.

Tafla I í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla I. Orku og aflaverð, fastagjöld, mæla og rofaleiga.

Númer gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárliða	Orku- verð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag- greiðslur	Árs- greiðslur
A-lýsing.			
A 1. Með fastagjaldi	46.98	2.09/m ²	763/m ² .
A 2. Án fastagjalds	124.58		
B-Heimilisnotkun o. fl.			
B 1. Heimilisnotkun	35.37	8.31	3033/herb
B 2. Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	72.24		